

Þjóðskrá Íslands

10 601

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

Bls.

| | |
|---------------------------------------|----------|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreyymisfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

þjóðskrá Íslands
kt. 6503760649
Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Samþykktur ársreikningur hefur ekki borist Fjársýslunni

Yfirlit um afkomu ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|--|------|----------------------|----------------------|
| Tekjur | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 2 | 940.700.000 | 921.100.000 |
| Aðrar tekjur | 3 | 797.514.654 | 725.872.397 |
| Seld þjónusta | 4 | 101.215.260 | 90.787.054 |
| Framlög og ýmsar tekjur | 5 | 52.600.532 | 60.700.576 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 2 | 31.632.220 | 28.299.372 |
| Tekjur samtals | | 1.923.662.666 | 1.826.759.399 |
| Gjöld | | | |
| Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | 6 | 1.237.954.797 | 1.290.909.530 |
| Annar rekstrarkostnaður | 7 | 606.419.084 | 502.356.950 |
| Afskriftir | 8 | 31.632.220 | 28.299.372 |
| Gjöld samtals | | 1.876.006.101 | 1.821.565.852 |
| Afkoma fyrir fjármagnsliði | | 47.656.565 | 5.193.547 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður | | 1.707.098 | 2.827.139 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (211.794) | (203.618) |
| Afkoma ársins | | 1.495.304 | 2.623.521 |
| Afkoma ársins | | 49.151.869 | 7.817.068 |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

| | Skýr | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|---|------|-------------|-------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Óefnislegar eignir | 9 | 5.600.395 | 7.520.526 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 10 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 131.631.168 | 67.595.983 |
| Farartæki og vélar | | 6.922.834 | 11.836.223 |
| Aðrar eignir | | 68.299 | 98.084 |
| | | 138.622.301 | 79.530.290 |
| | | 144.222.696 | 87.050.816 |
| Veltufjármunir | | | |
| Birgðir | | 108.983.180 | 170.281.080 |
| Viðskiptakrófur | | 65.606.887 | 98.286.059 |
| Tengdir aðilar | 11 | 17.083.354 | 40.333.279 |
| Aðrar krófur og fyrirframgreiddur kostnaður | | 1.188.623 | 1.025.280 |
| Handbært fé | | 168.044.128 | 351.633.985 |
| | | 360.906.172 | 661.559.683 |
| | | 505.128.868 | 748.610.499 |
| Eigið fé og skuldir | | | |
| Eigið fé | 12 | | |
| Hrein eign | | 129.219.907 | 80.068.038 |
| | | 129.219.907 | 80.068.038 |
| Skuldir | | | |
| Tengdir aðilar | 11 | 89.773.360 | 443.215.664 |
| Viðskiptaskuldir | | 47.553.320 | 26.955.819 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 13 | 132.016.197 | 130.172.674 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 14 | 106.566.084 | 68.198.304 |
| | | 375.908.961 | 668.542.461 |
| | | 505.128.868 | 748.610.499 |
| Aðrar upplýsingar | 15 | | |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstremisfirlit ársins 2020

| | Skýr | 2020 | 2019 |
|---|--------------------------------|----------------------|--------------------|
| Rekstrarhreyfingar | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | 49.151.869 | 7.817.068 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi: | | | |
| Afskriftir | 8 | 31.632.220 | 28.299.372 |
| Tekjfærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (31.632.220) | (28.299.372) |
| | | 49.151.869 | 7.817.068 |
| Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur | | 32.515.829 | 95.396.173 |
| Tengdir aðilar | | (348.996.479) | 313.517.086 |
| Birgðir | | 61.297.900 | (46.549.263) |
| Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 22.441.024 | (63.337.488) |
| | | (232.741.726) | 299.026.508 |
| | Handbært fé frá rekstri | (183.589.857) | 306.843.576 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 10 | (91.910.100) | (32.380.335) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 3.106.000 | 1.213.041 |
| | | (88.804.100) | (31.167.294) |
| Fjármögnumnarhreyfingar | | | |
| Fjárfestingarframlag | | 88.804.100 | 31.167.294 |
| | | 88.804.100 | 31.167.294 |
| Hækkun (lækkun) á handbæru fé | | (183.589.857) | 306.843.576 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 351.633.985 | 44.790.409 |
| | Handbært fé í árslok | 168.044.128 | 351.633.985 |

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlæð þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

| | |
|------------------------------|---------|
| Áhöld, tæki og búnaður | 3-10 ár |
| Farartæki og vélar | 8-15 ár |
| Aðrar eignir | 0-10 ár |

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppségjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppségjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Starfsþáttayfirlit

Þegar starfsemi stofnunar nær yfir fleiri en eitt fjárlagaviðfang, málefnasvið eða málaflokk er aðgreining fjárlagaviðfang, málefnasviða og málaflokka birt í starfsþáttayfirliti. Það nær til yfirlits um afkomu og greininga fjárveitinga ársins, breytinga þeirra á árinu og stöðu í árslok.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

| | 2020 | 2019 | | |
|--|----------------------|----------------------|----------------------|--------------------|
| 2 Tekjufærsla fjárveitinga | | | | |
| Fjárveiting ársins | 940.700.000 | 921.100.000 | | |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 31.632.220 | 28.299.372 | | |
| | 972.332.220 | 949.399.372 | | |
| Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok: | | | | |
| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum | 943.800.000 | 0 | 0 | 943.800.000 |
| Fjáraukalög 5 | (3.100.000) | 0 | 0 | (3.100.000) |
| Fjárveiting til tekna | 940.700.000 | 0 | 0 | 940.700.000 |
| Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum | (891.548.131) | 0 | 0 | (891.548.131) |
| Staða fjárveitinga ársins í lok árs | 49.151.869 | 0 | 0 | 49.151.869 |
| | 2020 | 2019 | | |
| 3 Aðrar tekjur | | | | |
| Sala á vöru og þjónustu | 797.514.654 | 725.872.397 | | |
| | 797.514.654 | 725.872.397 | | |
| 4 Seld þjónusta | | | | |
| Sérfræðiþjónusta | 8.023.000 | 6.171.200 | | |
| Verksala | 2.320 | 3.540 | | |
| Ýmsar þjónustutekjur | 93.189.940 | 84.612.314 | | |
| | 101.215.260 | 90.787.054 | | |
| 5 Framlög og ýmsar tekjur | | | | |
| Kostnaðarhlutdeild | 15.922.879 | 46.104.981 | | |
| Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir | 36.619.003 | 14.550.200 | | |
| Ýmsar tekjur | 58.650 | 45.395 | | |
| | 52.600.532 | 60.700.576 | | |
| 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður | | | | |
| Laun | 983.684.128 | 1.054.115.040 | | |
| Orlof, breyting | 9.563.049 | (21.682.265) | | |
| Launatengd gjöld | 223.516.051 | 241.305.602 | | |
| Starfsmannakostnaður | 21.191.569 | 17.171.153 | | |
| | 1.237.954.797 | 1.290.909.530 | | |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 103,6 | 114,7 | | |

Skýringar

| | 2020 | 2019 |
|--|--------------------|--------------------|
| 7 Annar rekstrarkostnaður | | |
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 2.965.215 | 2.952.613 |
| Byggingarvörur, almennar | 2.939 | 1.745.113 |
| Tæki og búnaður til innréttингa | 0 | 108.188 |
| Ýmis tæki og áhöld | 6.218.215 | 4.841.420 |
| Varahlutir og viðhaldsvörur | 37.015 | 45.890 |
| Orkugjafar | 4.044.636 | 4.360.787 |
| Matvæli | 12.232.896 | 16.601.603 |
| Almennar rekstrarvörur | 2.309.474 | 3.187.764 |
| Vörukaup, almenn | <u>27.810.390</u> | <u>33.843.378</u> |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 83.841.008 | 22.658.065 |
| Vörukaup, sérgreind | <u>83.841.008</u> | <u>22.658.065</u> |
| Fundir, námskeið, risna | 6.440.588 | 6.530.105 |
| Ferðir, uppihald | 2.843.968 | 11.961.072 |
| Akstur | 408.396 | 1.209.524 |
| Sérfræðiþjónusta | 210.763.681 | 211.075.478 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 2.684.396 | 2.464.996 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 5.264.601 | 4.765.662 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 10.794.535 | 18.874.889 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | <u>239.200.165</u> | <u>256.881.726</u> |
| Afnotagjöld | 117.142.804 | 59.636.198 |
| Leigugjöld | 96.317.271 | 96.544.244 |
| Notkun véla og flutningatækja | 18.830 | 192.140 |
| Verkkaup | 14.617.743 | 22.174.866 |
| Kostnaðarhlutdeild | 12.568.874 | 7.975.836 |
| Tryggingar, lögboðnar | 430.148 | 668.061 |
| Opinber gjöld | 222.766 | 302.462 |
| Tilfærslur | 25.000 | 0 |
| Tapaðar kröfur | 14.224.085 | 1.479.974 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | <u>255.567.521</u> | <u>188.973.781</u> |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>606.419.084</u> | <u>502.356.950</u> |
| | 2020 | 2019 |
| 8 Afskriftir | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 27.874.915 | 23.783.808 |
| Farartæki og vélar | 1.752.864 | 2.565.648 |
| Aðrar eignir | 29.785 | 29.785 |
| Sölutap og úreltar eignir | 54.525 | 0 |
| Niðurfærsla óefnislegra eigna | 1.920.131 | 1.920.131 |
| | <u>31.632.220</u> | <u>28.299.372</u> |

Skýringar

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 | | |
|--|---------------------------|-----------------------|--------------|-------------|
| 9 Óefnislegar eignir | | | | |
| Óefnislegar eignir | 5.600.395 | 7.520.526 | | |
| Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2020: | | Hugbúnaður | | |
| Stofnverð 1.1.2020 | 9.600.666 | 9.600.666 | | |
| Niðurfært 1.1.2020 | 2.080.140 | | | |
| Niðurfærsla ársins | 1.920.131 | | | |
| | 4.000.271 | | | |
| Staða 31.12.2020 | 5.600.395 | | | |
| 10 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2020 | 31.12.2019 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | 131.631.168 | 67.595.983 | | |
| Farartæki og vélar | 6.922.834 | 11.836.223 | | |
| Aðrar eignir | 68.299 | 98.084 | | |
| | 138.622.301 | 79.530.290 | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020: | | | | |
| | Áhöld, tæki og búnaður | Farartæki og vélar | Aðrar eignir | Samtals |
| Staða 1.1.2020 | 182.008.537 | 21.426.926 | 297.877 | 203.733.340 |
| Viðbætur á árinu | 91.910.100 | 0 | 0 | 91.910.100 |
| Selt/niðurfært á árinu | 42.277.579 | (7.741.126) | 0 | 34.536.453 |
| | 316.196.216 | 13.685.800 | 297.877 | 330.179.893 |
| Afskriftir 1.1.2020 | 114.412.554 | 9.590.703 | 199.793 | 124.203.050 |
| Selt/niðurfært á árinu | 42.277.579 | (4.580.601) | 0 | 37.696.978 |
| Afskrift ársins | 27.874.915 | 1.752.864 | 29.785 | 29.657.564 |
| | 184.565.048 | 6.762.966 | 229.578 | 191.557.592 |
| Staða 31.12.2020 | 131.631.168 | 6.922.834 | 68.299 | 138.622.301 |
| 11 Tengdir aðilar | 31.12.2020 | 31.12.2019 | | |
| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. | | | | |
| <i>Kröfur á tengda aðila:</i> | | | | |
| Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs | 17.083.354 | 40.333.279 | | |
| | 17.083.354 | 40.333.279 | | |
| <i>Skuldir við tengda aðila:</i> | | | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 89.773.360 | 418.644.324 | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 0 | 24.571.340 | | |
| | 89.773.360 | 443.215.664 | | |

Skýringar

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|------------------------|--------------------|-------------------|
| Hrein eign | | |
| Jöfnuður 1.1. | 80.068.038 | 72.250.970 |
| Afkoma ársins | 49.151.869 | 7.817.068 |
| Jöfnuður 31.12. | 129.219.907 | 80.068.038 |

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Af eigið fé stofnunarinnar eru kr. 21,8 milljónir sem eru bundið eigin fé, þ.e. ráðstöfun þess er ekki heimil nema heimild til þess verði veitt í fjárlögum.

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 |
|----------------------------------|--------------------|--------------------|
| 13 Ýmsar skammtímaskuldir | | |
| Ógreitt orlof | 117.535.031 | 107.971.982 |
| Ógreidd laun | 0 | 4.708.058 |
| Önnur ógreidd gjöld | 14.481.166 | 17.492.634 |
| | 132.016.197 | 130.172.674 |

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2020 | 31.12.2019 | |
|--|---|------------------------------|--------------------------------|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 144.222.696 | 87.050.816 | |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) | (37.656.612) | (18.852.512) | |
| | 106.566.084 | 68.198.304 | |
| | | | |
| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga- fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
| Staða 1.1.2020 | 87.050.816 | (18.852.512) | 68.198.304 |
| Fjárfestingarfjárveiting ársins | 0 | 70.000.000 | 70.000.000 |
| Bókfært verð seldra eigna | (3.106.000) | 3.106.000 | 0 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 91.910.100 | (91.910.100) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (31.632.220) | 0 | (31.632.220) |
| | 144.222.696 | (37.656.612) | 106.566.084 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 35,6 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um leigu á húsnæði og þjónustusamninga um rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa til næstu ára. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 95,3 milljónum og vegna þjónustu- og vörslusamninga kerfa kr. 60,5 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.